

Nr. 142/11 Ásbjörn RE 50***Skipverji klemmist og slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1509
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1978 stál
Stærð: 442,4 brl. 652 bt.
Mesta lengd: 49,86 m Skráð lengd: 44,93 m
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,6 m
Vél: Stork-Werkspoor 1450 kW, 1985
Fjöldi skipverja: 15

Gögn:
Gögn RNS



Ásbjörn ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. nóvember 2011 var Ásbjörn RE 50 á togveiðum í Skerjadýpi um 55 sml SV af Reykjanesi. Veður: VSV 13 m/sek.

Skipverjar ætluðu að loka fiskilúguhleranum en hún var rúmlega hálflokuð og stopp þegar einn þeirra vildi að hún yrði opnuð meira til að hreinsa hlerafalsið. Hann taldi sig hafa gefið merki um það en vegna misskilnings var henni lokað með þeim afleiðingum að hægri hönd hans varð á milli. Hlerinn lenti á handarbakinu sem brotnaði illa.

Skipstjóri hafði samband við strandstöð og var þyrta send til að sækja slasaða.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn sem lokaði lúgunni kvaðst hafa misskilið bendinguna og í fljótfærni ekki fylgst með aðstæðum eins og hann hefði haft full tök á;
- að fram kom að mikið var um að vera á þilfarinu vegna mikils afla og menn þreyttir.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera óvarleg vinnubrögð.